

Vinnuskýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2001/9

# Fornleifakönnun á Bessastöðum í Fljótsdal

vegna vegagerðar í tengslum við virkjanaframkvæmdir

Guðný Zoëga



Reykjavík 2008

Forsíðumynd: Rafmagnslínur í Fljótsdal.


© Þjóðminjasafn Íslands/Guðný Zoëga.  
Vinnuskýrslur Þjóðminjasafns Íslands 2001/9  
Ritstjóri: Steinunn Kristjánsdóttir.  
Reykjavík 2008.  
Öll réttindi áskilin.

# Fornleifakönnun á Bessastöðum í Fljótsdal

vegna vegagerðar í tengslum við virkjanaframkvæmdir

## Inngangur


Dagana 3. og 18. október árið 2000 fór fram fornleifakönnun í tilvonandi veglínu við Bessastaði í Fljótsdal. Teknir voru tíu könnunarskurðir í veglínuna þar sem að hún liggur gegn um tún neðan núverandi þjóðvegur. Skurðir 1-8 voru teknir þvert á veglínuna en skurðir 9 og 10 lágu þvert á skurði 1 og 3 (teikning 1). Minjar um mannvist voru greinilegar í tveimur skurðanna.



Teikning 1. Yfirlitsteikning af því svæði sem kannað var á Bessastöðum í Fljótsdal.

**Skurður 1:** Í skurði 1 eru örsmáar kolaleifar á dreif milli gjóskulaganna frá 1362 og 1477. Aftur á móti er ekki að sjá neina röskun jarðlaga þar af mannavöldum (teikning 2).

Bessastaðir í Fljótsdal.  
Yfirlitsmynd af skurðum 1-5 og 9-10.




Teikning 2. Könnunarskurðir 1-5 og 9-10.

**Skurður 3:** Í vesturenda skurðarins kom fram neðsti hluti grjótveggjar og torf honum tilheyrandi. Grjótið var nokkuð dreift og virðist sem þarna sé um undirstöður veggjar að ræða. Í torfinu var mjög greinilegt gjóskulag úr Öskju frá 1875. Einnig fannst í torfinu partur af rúðugleri. Samkvæmt heimildum kunna þetta að vera svokölluð Þingvallahús en það voru fjárhús sem voru í notkun fram á 20. öldina. Grjóthleðslan liggur í um 7 metra suðaustur frá skurði 3 en ekki var hún greinileg norðan og vestan við skurðinn (teikning 3).

Í sama skurði komu svo einnig fram torf og grjót sem lágu þvert á skurðinn. Þarna virtist um vegg að ræða en þegar teknir voru skurðir sitt hvoru megin þar við kom í ljós að torfið var einskorðað við svæði sem var um 2 m á lengd, 1,5 m á breidd og um 80 cm á dýpt. Ekki er ljóst hverju þetta torf tilheyrir en það lá undir 1875 gjóskunni og er því eldra en leifar Þingvallahúsanna í sama skurði. Grafnir voru skurðir beggja megin við torfhleðslu þessa en þar komu fram óhreyfð jarðlög og engin merki um byggingar eða aðrar mannvistarleifar.

Í öðrum skurðum sem teknir voru komu einnig aðeins í ljós óhreyfð jarðlög og engar menjar mannvistar.

**Bessastaðir í Fljótisdal.**  
 Sniðmynd af norðurhlíð skurðar 3.  
 3. október 2000.



1. Grasrót.
2. Grasrót. Askja 1875 er neðst í grasrót.
3. Torfhleðsla. Óreglulegt strengjatorf sem í er gjóskan frá 1875.
4. Hreyft jarðlag með torflekjum í.
5. Efsti hluti jarðvegs neðan grasrótar er hreyfður.
6. Fingerð, dökk, sendin gjóska um ½ sm á þykkt.
7. Veiðivatnagjóska 1477.
8. Fokmold.
9. Þunnt malarlag með fingerðri mól.
10. Óræfjökull 1362.
11. Óhreyft. Grófgerð jökulmól

Teikning 3. Sniðteikning úr könnunarskurði 3.

## Niðurstöður

Allir skurðirnir voru með svipaða afstöðu jarðlaga og virðist sem þarna hafi fyrrum verið árfarvegur, enda merki um ár- eða lækjarmöl milli jarðlaga. Einu fornleifarinnar sem vart varð við í skurðunum var koladreif í skurði 1 og torf og grjót neðan gjóskulags frá 1875 í skurði 3. Þetta torf virðist ekki vera í tengslum við neinar byggingar og myndar ekki greinilega vegghleðslu.

Að mati minjavarðar gáfu könnunarskurðir þessir ekki tilefni til frekari fornleifarannsóknar í vegstæðinu. Hins vegar þarf að gæta þess að Bessahaugi verði ekki spillt og skyldi hann ekki vera innan 20 metra frá veginum. Torfið í skurði 3 er enn fremur ábending um að fornleifar sé að finna í grennd við vegstæðið. Líklegast er að slíkar minjar séu ofar á svokölluðum Þingvelli og/eða Hring sem er örnefni norðan Þingvalla. Því svæði skyldi því hlíft við jarðraski hverskonar, sem og umferð stórvirkra vinnuvéla.

Finnist áður óþekktar fornminjar í tengslum við vegagerðina ber framkvæmdaraðilum, samkvæmt 20. gr. þjóðminjalaga, skylda til að tilkynna fundinn án tafar til Fornleifaverndar ríkisins. Stöðva ber framkvæmdirnar uns úrskurður hefur fengist hvort, eða með hvaða skilmálum, halda megi verkinu áfram.